



Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Mosfellsbæ 17. janúar 2022

### Loftslagsskógur í landi Mosfellsbæjar á Mosfellsheiði

Með bréfi til bæjarráðs Mosfellsbæjar 21. nóvember 2018 og í febrúar 2021 vildum við kanna vilja Mosfellsbæjar til samstarfs um „Loftslagsskóg“ á eignarlandi bæjarins á Mosfellsheiði.

Málaleitan var skipt þannig:

- a. Að við endurskoðun Aðalskipulags bæjarins verði skilgreint land á Mosfellsheiði til ræktunar „Loftslagsskógar“.
- b. Að gerður verði samningur um leigu á landi undir Kolviðar-/Loftslagsskóg þar sem skilgreind er skógrækt í núverandi Aðalskipulagi og að heimilað verði að þinglýsa slíkum samingi á hluta þess lands til 60 ára, eða þar til áformaðri bindingu CO<sub>2</sub> er náð. Landeigandi á skóginn að binditíma loknum.
- c. Heimilað verði að afmarkaðir verði rannsóknarreitir í landi Mosfellsbæjar á Mosfellsheiði á árinu 2019. Rannsóknirnar yrðu undir stjórn sérfræðinga á Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá.

Heimilað var að afmarka 12 rannsóknarreitir og liggur nú fyrir skýrsla „Skógræktartilrunir á Mosfellsheiði. Lokaskýrsla unnin fyrir Kolvið dags. í desember 2021“

Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a.

- Án beitarfriðunar er ekki raunhæft að koma upp skógi á Mosfellsheiði.
- Sumarhiti er nægjanlega hár fyrir skógrækt alls staðar á heiðinni.
- Víða er veruleg hættu á sumarfrostum og kali.
- Velja þarf tegundir sem þola frost á vaxtartímanum, stafafura og birki eru dæmi um tiltölulega þolnar tegundir.
- Mikið vindálag mældist á tilraunarstöðunum og miklar barrskemdir á stafafuru nema þar sem smáplönturnar nutu skjóls.

Það er álit Kolviðar að Mosfellsheiðin geti verið álitlegur valkostur sérstaklega vestari hluti hennar og niður á Bringunar.

Fyrst þarf þó að skilgreina svæðið sem skógræktarsvæði í nýju aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem verið er að vinna að.





